



Frostaskjól, Kaplaskjólsvegur, Flyðrugrandi  
KR - svæði

Greinargerð með endurskoðun deiliskipulags  
Skipulags- og byggingaskilmálar

Samþykkt af skipulags- og samgönguráði xxxxx  
Samþykkt af borgarráði xxxxx

Útgáfa 0.0  
Drög 17. janúar 2019

DRÖG

bj .snæ  
ARKITEKTAR

  
ASK  
ARKITEKTAR

## Efnisyfirlit

Breyting á deiliskipulagi.....	3
Greinargerð .....	3
Afmörkun deiliskipulagssvæðis .....	3
Núverandi staða .....	3
Deiliskipulag í gildi .....	3
Deiliskipulagstillaga .....	4
Markmið .....	4
Aðalskipulag .....	4
Stutt lýsing deiliskipulagstillögu .....	4
Íþróttamannvirki.....	4
Þjónusturými .....	5
Íbúðir .....	5
Umferð .....	5
Bílastæði.....	5
Áfangar .....	5
Almennir hönnunarskilmálar.....	6
Byggingareitur íþróttamannvirkja .....	6
Byggingareitur knatthúss.....	6
Tengigangur.....	6
Byggingareitur félagsaðstöðu.....	6
Flóðlýsing.....	6
Aðal keppnisvöllur .....	7
Áhorfendastúkur .....	7
Sparkvellir .....	7
Gervigrasvellir.....	7
Íbúða- og þjónustubyggingar.....	<b>Error! Bookmark not defined.</b> 7
Sérskilmálar .....	7

# Endurskoðun deiliskipulags

## Greinargerð

### Afmörkun deiliskipulagssvæðis

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Flyðrugranda í norðaustri, Kaplaskjólsvégi í suðaustri, Frostaskjólí í suðvestri og byggð við Fjöru- og Boðagranda í norðvestri.

Svæðið er í dag ein lóð í eigu Knattspyrnufélags Reykjavíkur. Ákveðið hefur verið að taka svæðið til heildarendurskoðunar, þar sem áform eru töluvert ólík gildandi skipulagi og þeim breytingum sem á því hafa verið gerðar.

### Núverandi staða

Á lóð Knattspyrnufélags Reykjavíkur (KR) eru í meginatriðum tvær byggingar og yfirbyggð stúka fyrir 1800 áhorfendur.

Að Frostaskjólí 2 er hús KR. Húsið hefur verið byggt í þremur áföngum. Árið 1953 var byggt félagsheimili á lóðinni þar sem í dag er starfrækt félagsmiðstöð. Byggingin er tveggja hæða og er 864,9 m<sup>2</sup> að flatarmáli og 2840 að rúmmáli. Árið 1970 var byggt einnar hæðar íþróttahús 889,1 m<sup>2</sup> að flatarmáli og 6935 að rúmmáli.

Árið 1999 var byggður nýr íþróttasalur með áhorfendabekki fyrir 500-800 manns og tveggja hæða tengibygging með búningastöðu og skrifstofum. Heildarflatarmál þess er 3418 m<sup>2</sup> og rúmmál þess er 20438 m<sup>3</sup>.

Heildarflatarmál hússins samanlagt er 5135,6 m<sup>2</sup> og heildarrúmmál hússins er 30702 m<sup>3</sup>. Aðkoma að húsinu fyrir akandi gesti er frá Kaplaskjólsvégi, þar eru 51 stæði. Einnig er möguleiki á aðkomu að geymslu og þess háttar frá Frostaskjólí.

Á suðurhluta lóðarinnar er yfirbyggð stúka með sæti fyrir 1800 manns. Á lóðinni eru þrjú knattspyrnuvelli í fullri stærð einn af þeim er keppnisvöllur, þar er einnig lítill æfingavöllur afgirtur og einn malarvöllur. Í norðaustur hluta lóðarinnar er leikvöllur. Lóðin er girt af með 2-3 metra hárrí girðingu og miklum gróðri. Við Kaplaskjólsvæg eru staðsettir skúrar fyrir snyrtingu og miðasölu.

Í norðvestur hluta lóðarinnar að Frostaskjólí er tveggja hæða bygging byggð 1982. Heildarflatarmál byggingarinnar er 598,9 m<sup>2</sup> og heildarrúmmál byggingarinnar er 2488 m<sup>3</sup>. Aðkoma að byggingunni er frá Frostaskjólí. Umhverfis bygginguna eru 73 bílastæði.

Bílastæði við Flyðrugranda eru samtals 58, þar að auki eru þar 6 leigubílastæði.

Að Frostaskjólí 4 er íbúðahús þar sem í dag er starfræktur leikskóli.

### Deiliskipulag í gildi

Í gildi er deiliskipulag samþykkt sem samþykkt var í borgarráði 28. janúar 2003, með síðari breytingum, síðast breytt árið 2014. Þar var m.a. gert ráð fyrir nýjum gervigrasvelli og byggingareit fyrir áhorfendastúku á norðurhluta lóðar. Gervigrasvöllurinn er kominn, en ný stúka hefur ekki verið reist. Jafnframt var gert ráð fyrir nýrri flóðlýsingu og byggingareitum fyrir minni þjónustuskúra.

Heildarstærð lóðarinnar Frostaskjól 2 og 6 er 5,1 ha.

Heildarbyggingamagn á lóðinni er 792 m<sup>2</sup>

Nýtingarhlutfall á lóðinni er <0,2

Heildarfjöldi bílastæða á lóðinni er 124 bílastæði.

# Deiliskipulagstillaga

## Markmið

Aðstaða Knattspyrnufélags Reykjavíkur (KR) hefur lengi setið á hakanum og nauðsynlegt að endurnýja og bæta ýmis mannvirki félagsins.

Árið 2016 var unnin skýrsla þar skoðað var með skipulögðum hætti hvernig mætti bæta íþróttaaðstöðu félagsins með hagsmuni hverfisins í heild í fyrirrúmi. Ráðgjafafyrirtækið Borgarbragur ehf. vann skýrsluna fyrir KR. Markmið vinnunnar var að finna út hvernig bæta mætti aðstöðu KR og jafnframt bæta rekstrarumhverfi félagsins. Niðurstaða skýrslunnar var að á svæðinu skyldi reisa íþrótt-, tólmstunda- og þjónustumiðstöð á íþróttasvæði KR. Jafnframt yrði reist blönduð byggð í jöðrum svæðisins og aðstaða til alhliða íþróttaiðkunar bætt með byggingu fjölnota íþróttahúss, nýs keppnisvallar af fullkominni gerð með viðeigandi áhorfendastúkum.

Viljayfirlýsing um samstarf milli KR og Reykjavíkurborgar var undirritaðuð dags. 9. nóvember 2017 þar sem gert var ráð fyrir að unnið yrði deiliskipulag með hliðsjón af skýrslu Borgarbrags ehf og þeirri vinnu sem unnin var í framhaldi hennar. Tillaga sú sem hér liggur fyrir er niðurstaða þeirrar vinnu. Tillagan er sett fram á þremur uppdráttum með sneiðingum, skýringarmyndum og þrívíddarmyndum.

## Aðalskipulag

Í tengslum við áform um uppbyggingu á KR svæði hefur verið útbúin verklýsing og tillaga lögð fram að breyttu aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem fjallar um breytta landnotkun, nýjan kjarna í vesturbæ og fjölgun íbúða. Í forsendum breytingar segir m.a. að „Í tengslum við þá uppbyggingu og endurbætur á íþróttasvæðinu, hefur verið hugað að því að stuðla að fjölbreyttari landnotkun á svæðinu. Það hefur einkum verið skoðað í samhengi við byggingu nýrrar áhorfendastúka við aðal keppnisvöll félagsins, á móts við annars vegar Kaplaskjólsvæg og Flyðrugranda hins vegar. Það er í góðu samræmi við megin markmið aðalskipulagsins að skapa heilsteyptari götumyndir við viðkomandi götur og fjölbreyttari starfsemi í hverfinu. Það samræmist einning vel markmiðum aðalskipulagsins að stuðla að þéttingu byggðar án þess þó að skerða þá íþróttastarfsemi sem fyrir er.“ Gildandi aðalskipulag gerði ráð fyrir landnotkun „íþróttasvæði“, sem er skilgreint sem opið svæði (OP), þar sem um er að ræða íþróttasvæði sem þjónar einum borgarhluta. Breytt aðalskipulag gerir ráð fyrir að landnotkun afmarkaðs svæðis meðfram Flyðrugranda og Kaplaskjólsvegi verði skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði, íbúðarbyggð eða sambærileg notkun sem er við hæfi fyrir fyrirhugaða byggð. Svæðið verður mögulega skilgreint sem nýr kjarni innan hverfisins, sbr. stefna um Kaupmanninn á horninu.

## Stutt lýsing deiliskipulagstillögu

Tillagan gerir ráð fyrir nýjum aðalvelli með stúkum á tvo vegu. Aðalvelli er snúið 90° frá því sem nú er og eru stúkur með langhliðum vallar. Elsti íþróttasalurinn við Frostaskjól er fjarlægður og byggður nýr með tilheyrandi þjónusturýmum. Ný þjónusturými fyrir félagið eru byggð undir vesturstúku og almenn þjónusturými og íbúðir við Kaplaskjólsvæg og Flyðrugranda. Um miðbik svæðisins, norðaustan við Flyðrugranda er gert ráð fyrir fjölnota íþróttahúsi. Með uppbyggingu þessari telur KR sig geta sinnt þörfum flestra íþróttagreina sem stundaðar eru innan ramma þess.

## Íþróttamannvirki

Byggt verður nýtt íþróttahús (54x41,4 m) í stað eldra húss.(F1 á uppdrætti). Búningsherbergjum fjölgað og félagsrými KR endubætt og stækkað undir stúku á suðvesturhlið (F3 á uppdrætti). Nýjar áhorfendastúkur byggðar við norðaustur- og suðvestur hliðar keppnisvallar (F3 á uppdrætti). Inngangar í stúkur eru á horni Flyðrugranda og Kaplaskjólsvegar og á suðvesturhorni við Kaplaskjólsvæg. Fjölnota íþróttahús (65x74 m) verður byggt um miðbik svæðisins (F4 á uppdrætti) og göngubrú sem tengir mannvirki við norðvestur hlið vallar (F2 á uppdrætti). Núverandi félagsaðstaða KR (merkt D á uppdrætti) við suðvesturhlið svæðis er stækkuð og endurbætt.

## Þjónusturými

Á fyrstu hæð þjónustubyggingar að Flyðrugranda er gert ráð fyrir yfirbyggðum bílastæðum. Á fyrstu hæð þjónustubyggingar að Kaplaskjólsvégi er gert ráð fyrir verlsun og þjónustu. Á 2. hæð að Flyðrugranda og Kaplaskjólsvégi eru önnur þjónusturými sem munu nýtast annað hvort fyrir félagið eða aðra þjónustu við hverfið. Minnisblað ALTA (A1313-005-U01 dags. 28.12.2018) var unnið til að meta áhrif á nýjan kjarna í Vesturbæ á stöðu og þjónustu innan hverfisins. Þar segir að „Miðað við fjölda íbúa í vesturhluta Reykjavíkur og þéttleika lítilla hverfisverslana þar, er ekki að sjá að það sé neitt í skipulagi sem mælir sérstaklega á móti því að nýtt verslunarrými komi á KR svæðið. Almennt er jákvætt að þetta net hverfisverslana innan íbúðahverfa til að auka aðgenmgi fyrir t.a.m. gangandi að þeirri þjónustu.“ Minnisblað ALTA er lagt fram sem fylgiskjal þessarar tillögu að deiliskipulagsbreytingu. Innan veggja KR heimilis hefur farið fram ýmis konar þjónusta við íbúa hverfisins auk hefðbundinnar íþóttastarfsemi. Má nefna frístundaheimili, tónlistarskóla, tómsundur fyrir aldraða ofl.. Með breyttu deiliskipulagi eru áform um að auka þessa starfsemi til muna.

## Íbúðir

Gert er ráð fyrir byggingu íbúða á 3. og 4. hæð í bygginga að Flyðrugranda (G1 og G2 á uppdrætti). Gert er ráð fyrir um 10.000 m<sup>2</sup> íbúðabyggðar eða um 100 íbúðum. Forðast skal einsleitar íbúðargerðir og lögð er áhersla á fjölbreyttar stærðir þeirra. Engin ein íbúðargerð verði umfram 35% íbúða á hverri lóð. Áskilinn er réttur Reykjavíkurborgar til að kaupa allt að 10 íbúðir.

## Umferð

Verkfræðistofan EFLA skoðaði umferðarsköpun og öryggi vegna uppbyggingar á KR svæði (2200-905-MIN-001-V02 dags. 12. júlí 2018). Minnisblaðið er meðfylgjandi þessari tillögu að endurskoðun á deiliskipulagi.

Í minnisblaðinu segir m.a.: „Niðurstöður sýna að flest nærliggjandi gatnamót við KR svæðið ráða vel við þá umferðarsköpun sem verður vegna uppbyggingarinnar.“ Í minnisblaðinu er jafnarm bent á ýmsar mótvægisáðgerðir sem grápa má til tila sporna við of mikilli umferðarsköpun.

## Bílastæði

Við aðalinngang er gert ráð fyrir rúmlega 30 skammtímabílastæðum á borgarlandi. Á norðvestur hluta lóðar eru 70 bílastæði og fyrstu hæð við Flyðrugranda er gert ráð fyrir yfirbyggðum bílastæðum. Samsíðabílastæði eru í götum eins og kostur er og þau notuð sem sleppistæði fyrir tómsundarútur og foreldraskutl.

## Áfangar

Uppbygging er fyrirhuguð á næstu árum. Þó er reiknað með ákveðinni áfangaskiptingu skv. eftirfarandi áfangi:

1. áfangi: Bygging fjölnotahúss um miðbik svæðis (merkt F4 á uppdrætti).
2. áfangi: Niðurrif elsta íþróttasalar og bygging nýs (merkt F1 á uppdrætti).
3. áfangi: Aðalvelli snúið.
4. áfangi: Bygging íbúða og þjónusturýmis við Flyðrugranda og Kaplaskjólsvæg (merkt .
5. áfangi: Byggina áhorfendastúka við austur- og vesturhlið (merkt F3 á uppdrætti).
6. áfangi: Samhliða áfanga 5 er endurbætt félagsaðstaða KR við vesturhlið vallar.
7. áfangi: Endurbætur núverandi félagsaðstöðu og aðkomu að svæðinu.
8. áfangi: Göngubrú á milli áhorfendasvæða á vestur- og austurhlið.

## Almennir hönnunarskilmálar

Skilmálar deiliskipulagsins gilda fyrir íþróttabyggingar, íþróttavelli og þjónustu- og íbúðabyggingar. Svæðinu er skipt upp í tvær lóðir; annars vegar lóð fyrir íþróttamannvirki og hins vegar lóð fyrir íbúða- og þjónustubyggingar. Í skilmálatöflu er gerð grein fyrir stærðum bygginga og heildar nýtingarhlutfalli lóðarinnar.

### Byggingareitur íþróttamannvirkja

Gerður er nýr byggingareitur fyrir fjölbreyttar viðbyggingar núverandi mannvirkja. (F1 á uppdrætti). Gert ráð fyrir að núverandi íþróttasalur í norðvesturhluta mannvirkja verði fjarlægður. Þar verður byggður nýr salur og áhorfendasvæði. Bygging er tvær hæðir og tengist eldri búningsklefum og félagsrými. Í tengslum við nýjan íþróttasal er byggð ný búningsaðstaða, þvottahús, þreksalur og veitingarými á milli sala. Byggingareitur íþróttasalar er 54 m x 41,3 m. Stærðir eru sýndar í töflu.

### Byggingareitur fjölnotahúss

Gerður er nýr byggingareitur fjölnotahúss 73,9 x 65,2 m (F4 á uppdrætti). Bygging er samtals um 4800 m<sup>2</sup> og rúmar sem svarar hálfum knattspyrnuvelli og aðstöðu til iðkunar frjálsra íþróttanna ofl.. Gert er ráð fyrir að gólf húss sé sé niðurgrafið frá aðliggjandi landhæð um ca. 1,8-2,0 metra. Aðalinnangangur verður frá tengigangi en einnig verður aðkoma um ramp frá Flyðrugranda.

### Tengingangur

Á milli knatthúss og íþróttamannvirkja er gert ráð fyrir lokuðum/yfirbyggðum tengigangi á tveimur hæðum, rúmlega 400 m<sup>2</sup> að stærð (F2 á uppdrætti). Byggingareitur er 5 metra breiður og nær á milli íþróttamannvirka beggja vegna aðalvallar. Gert er ráð fyrir inngangi í fjölnotahús/knatthús úr tengigangi.

### Byggingareitur félagsaðstöðu

Norðaustan núverandi íþrótt- og félagsaðstöðu er gert ráð fyrir viðbyggingu, 2ja hæða, sem rúmar frekari félagsaðstöðu og áhorfendasvæði (F3 á uppdrætti).

Á 1. hæð er anddyri, forsalur, aðkoma að íþróttaaðstöðu, eldhús, veitingasala, safnrými og sportverslun. Í tengslum við aðalforsal er upphitunarsalur, forsalur stúku, veitingar og salerni.

Á 2. hæð er gert ráð fyrir starfsemi félagsmiðstöðvar (nú Tjörnin), aðstöðu KR klúbbs og veitingum. Þar eru einnig aðstaða dómara, búningsklefar, fundarsalur og aðgengi að fjölnotasal um brú.

Á 3. hæð er skólahúsnæði (nú tónlistarskóli).

Á 4. hæð er veitingasalur.

### Íbúða- og þjónustubyggingar

Við Flyðrugranda og Kaplaskjólsvæg er komið fyrir á sér lóð (merkt G, G1 og G2 á uppdrætti) íbúða- og þjónustubyggingum 3. og 4. hæða.

Við Flyðrugranda (G1 og G2 á uppdrætti) eru bílastæði á 1. hæð, þjónusturými á 2. hæð og íbúðir á 3. og 4. hæð. 4. hæðin er um 50% grunnflatar. Í skilmálatöflu kemur fram stærð íbúðahluta og er gert ráð fyrir um 100 íbúðum samtals við Flyðrugranda og Kaplaskjólsvæg. Í horni milli bygginga (merkt G á uppdrætti) er kvöð um inngang að áhorfendasvæðum.

Á 1. hæð Kaplaskjólsvæg eru þjónusturými, en á öðrum hæðum er gert ráð fyrir íbúðum. 4. hæðin er um 50% grunnflatar. Kvöð er um inngang að áhorfendasvæðum í suðurhluta byggingar.

### Flóðlýsing

Á byggingum, í fjórum hornum mannvirkis, er gert ráð fyrir flóðlýsingu á aðalvöll. Um er að ræða fjögur möstur með lýsingu í samræmi við reglur FIFA um leiki í undarúrlitum Evrópukeppni. Miðað er við að

Lýsing verði ekki í notkun að sumarlagi, sem miðast við 1. apríl – 15. ágúst. Ljós skulu slökkt í síðasta lagi kl. 22.00 á virkum dögum en fyrr ef völlum er ekki í notkun.

## Umgengnisreglur um keppnisvöll

Setja verður reglur um umgengni við keppnisvöll, enda er markmið þeirra að hafa góðan ramma utan um nýtingu keppnisvallarinnar. Miðað er við sumartímabil 2. apríl – 14. ágúst og vetrartímabil 15. ágúst – 1. apríl. Þessar reglur skulu kynntar íbúum í nágrenni þegar lýsing á keppnisvelli hefst og vera sýnilegar á vef félagsins og á skilti við keppnisvöll. Miðað er við að flóðljós séu ekki í notkun yfir sumartímenn. Miða skal við að samþykka tímatöflu um notkun keppnisvallar sem stjórn félagsins samþykkir og er það hámarksnýting en reynt verður af fremsta megni að haga skipulagi þannig að álag á vellinum sé dags daglega frá kl. 15-19 en ónæði sé lágmarkað eftir kl. 20.00 að jafnaði. Ljós séu slökkt í síðasta lagi kl. 22.00 á virkum dögum en fyrr ef hægt er.

## Hljóðmengun, auglýsingaskilti, girðingar og merkingar

Koma skal eins og kostur er í veg fyrir hljóðmengun frá keppnisvelli að íbúðahúsum í nágrenni. Byggingar umhverfis völlum munum skýla fyrir hljóðmengun, en hafa skal sérstakar gætur á að ekki verði ónæði af notkun vallar. Útlit og hæðir girðinga og auglýsinga á þeim skulu metnar af borgaryfirvöldum. Ekki verður heimilt að vera með auglýsingar sem snúa að húsum við Kaplaskjólsvæg, Flyðrgranda, Meistaravelli og Frostaskjól. Farið verði í heildarskoðun á útliti og frágangi girðinga og auglýsingaskilta umhverfis íþróttasvæði þannig að það fái heildstætt og fallett yfirbragð.

Lögð er áhersla á að allur lóðarfrágangur sé vandaður og gróðursetning notuð til þess að draga úr sjónrænum áhrifum girðinga umhverfis íþróttavelli.

## Aðal keppnisvöllur

Aðal keppnisvelli er snúið frá því sem nú er. Hann verður 80x122,5 m. og lagður gervi- eða lifandi grasi. Hiti verður undir grasi.

## Áhorfendastúkur

Við langhliðar aðal keppnisvallar er komið fyrir yfirbyggðum áhorfaendasætum með sætum fyrir um 4000 manns (merkt F3 á uppdrætti)

## Sparkvellir

Um miðbik svæðis er komið fyrir sparkvöllum til leiks og æfinga.

## Gervigrasvellir

Á norðvestur hluta skipulagssvæðis er nú þegar upplýstur gervigrasvöllur. Hann er óbreyttur í breyttu skipulagi.

## Sérskilmálar

Í skilmálatöflu koma fram stærðir og umfang bygginga. Miðað er við að hönnun sé metnaðarfull en látlaus og hæfi starfsemi og umhverfi.

Á skilmálasniðum koma fram hæðir húsa og stærðir.